

Ed.

## 30. Frumvarp til laga

[30. mál]

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

Flm.: Alfreð Gíslason, Björn Jónsson, Gils Guðmundsson.

### 1. gr.

Við 56. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Allar bótafjárhæðir laga þessara að viðbættri hækkun, er nemur 40%, skulu teljast grunnupphæðir og breytast í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar í október 1963.

### 2. gr.

Aftan við ákvæði til bráðabirgða kemur ný málsgrein, er hljóðar svo:

Á tímabilinu 1. júlí til ársloka 1963 skulu allar bótafjárhæðir almannatrygginga greiddar með viðbót, er nemur 40%.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir, að

1) allar bótafjárhæðir gildandi laga um almannatryggingar verði frá 1. júlí til ársloka 1963 greiddar með uppbót, er nemur 40%, og

2) bótafjárhæðir nýju laganna, sem öðlast gildi 1. jan. n. k., verði hækkaðar um sama hundraðshluta og með þeirri hækkun taldar grunnupphæðir, er síðan fylgja breytingum á vísitölu framfærslukostnaðar, miðað við október 1963.

Það gildir um bótaþega almannatrygginga svipað og launþegana, að þeir fá ekki leiðréttingu kjaramála sinna fyrr en seint og síðar meir. Dýrtíðin er í stanzlausum vexti, og með hverjum mánuði, sem líður, rýrna tryggingabæturnar. Þetta er bótaþegunum því tilfinnanlegra sem kjör þeirra eru krappari en annarra manna. Á missera eða ára fresti tekur löggjafinn sig til og hækkar bæturnar, en allajafna aðeins að nokkrum hluta þess, sem dýrtíðarvextinum nemur. Hækkunin kemur seint, og þegar hún kemur, er hún skörin við nögl.

Oft hefur hlutur bótaþega verið lítill gerður, en líklega þó aldrei sem nú, enda dýrtíðaraukningin örari en nokkru sinni áður. Skal nú farið um það nokkrum orðum.

Í marz 1960 voru samþykktar á Alþingi breytingar á lögum um almannatryggingar, og var hækkun bótafjárhæða meginefni þeirra. Sem leiðrétting á gömlu misræmi var þessi bótahækkun góðra gjalda verð, því að með henni þokaðist nokkuð í áttina til þess, sem gerist um tryggingabætur annars staðar á Norðurlöndum. Þannig mátti þó ekki líta á málið. Ríkisstjórnin tók það skilmerkilega fram þegar í upphafi, að hækkun þessi væri fyrst og fremst til þess gerð að mæta nýju dýrtíðarflóði, sem undirbúið var af kappi um þær mundir.

Þótt þessi ráðstöfun væri aldrei hugsuð sem endurbót, leit hún ekki illa út á pappírnum. Með henni skyldu börn, öryrkjar og gamalmenni tryggð fyrir skakka-föllum af völdum viðreisnarinnar. Síðar kom reynslan til skjalanna, og hún sýndi, að ráðstöfunin var ekki annað en kák og tryggingin svo gott sem haldlaus.

Árið 1960 og fyrri hluta árs 1961 hækkaði allt verðlag svo mjög, að ríkisstjórnin sá sig til knúða að auka tryggingabætur um 13.8% frá 1. júlí 1961. Þessi bragarbót reyndist þó skammgóður vermir, því að áfram geisaði dýrtíðin. Því neyddust stjórnvöldin enn til að fara á stúfana, og var ný bótahækkun ákveðin frá 1. júní 1962. Hún nam 7% og tók aðeins til elli- og örorkulífeyris. Aðrar bætur héldust óbreyttar í það sinn.

Þetta voru óverulegar kjarabætur, enda runnu þær jafnharðan út í dýrtíðar-sandinn, og því standa bótaþegar berskjaldaðir nú, er haustdýrtíðin mikla skellur yfir. Tryggingalögin frá síðasta þingi verða þeim ekki nein brjóstvörn nú. Þau öðlast ekki gildi fyrr en 1. janúar n. k., og auk þess eru bótaþækkunir þeirra mjög takmarkaðar, eins og sýnt skal fram á hér á eftir.

Kjararýrnun tryggingabóta má nokkuð marka af samanburði talna. Síðan í marz 1960 hafa ellilífeyrir og örorkulífeyrir hækkað um 27%, barnalífeyrir og mæðralaun um 18% og fjölskyldubætur um 15%. Á sama tíma hefur matvara hækkað um 75% samkvæmt vísitölu framfærslukostnaðar í október, fatnaður um 46% og hiti og rafmagn um 37%. Heildarvísitalan hefur hækkað um 54%, þrátt fyrir óeðlilega lágt reiknaðan húsnæðiskostnað.

Á meðan ellilaun hækka um ein 27%, hækkar vistgjald á elliheimili um 73%. Það var 75 kr. á dag snemma árs 1960, en er nú 130 kr.

Þessar tölur gefa bendingu um, hvert afhroð verst stæðu þegar þjóðfélagsins hafa beðið síðustu fjögur ár, enda mun þeirra hlutur aldrei hafa verið jafnbágur og nú.

Vísitala vöru og þjónustu er nú 163 stig. Ef við hana er miðað, ætti elli- og örorkulífeyrir að hækka úr 18240 kr. í 23472 kr. eða um 29%. Sé hins vegar miðað við hækkan vistgjalda á stofnunum, þá þyrfti þessi lífeyrir að hækka um 36% frá því, sem nú er. Loks er ekki úr vegi að hafa í huga, að á þessu ári hafa laun opinberra starfsmanna hækkað verulega, og mun talið, að sú hækkan nemi að meðaltali 45%.

Með tilliti til þessa virðist ekki fært að bera fram tillögu um bótaþækkun, er nemi minna en 40%.

Um aðrar tegundir bóta er svipað að segja og ellilífeyrinn. Mæðralaun og barnalífeyrir þurfa að hækka um 38% til þess að ná áður nefndri vísitölu og fjölskyldubætur um 41%, svo að nefndar séu nokkrar mikilsverðar bótaþækkunir.

Sú hækkan, sem hér er lagt til að gerð verði, er lágmark þess, sem gera þarf á þessu sviði, ef almannatryggingar eiga að halda gildi sínu og vera meira en nafnið eitt. Hér er ekki farið fram á raunverulega aukningu, heldur aðeins að reynt verði að halda í horfinu.

En hvað um nýju lög um almannatryggingar? Er ekki þar að finna ríflegar hækkanir á öllum tryggingabótum, og er ekki rétt að þau taka gildi?

Samkvæmt þessum nýju lögum, sem öðlast gildi eftir áramót, hækka að vísu sumar tegundir bóta. Á meðal þeirra eru fæðingarstyrkir, dánarbætur vegna slyss og ekkjulífeyrir. Þessum bótum öllum er það sameiginlegt, að þær höfðu dregið mjög aftur úr, voru orðnar „lélegustu bætur, sem almannatryggingar veita, og vart nema nafnið tómt“, eins og höfundar lagafrumvarpsins komast að orði um ekkjulífeyrinn í greinargerð. Um sjúkradagpeninga, sem einnig eiga að hækka eftir áramót, komast sömu höfundar svo að orði: „Oft hafa sjúkradagpeningar verið undanskildir, þegar aðrar bætur hafa hækkað, og enn fremur hefur lágmarkið miðazt við bætur annars verðlagssvæðis.“

Þessi er skýringin á bótaþækkun nýju laganna. Það er verið að bæta fyrir gamla vanrækslu, — hækka bætur, sem tæpast voru orðnar meira en nafnið tómt.

Þetta kemur heim við það, að ýmsar mikilsverðar bætur eiga ekkert að hækka samkvæmt þessum nýju lögum. Ellilífeyrir og örorkulífeyrir eiga að standa í stað. Dæmi eru og þess, að bætur eigi að lækka að krónutölu eftir áramót. Þannig skulu fjölskyldubætur lækka um kr. 6.43 og barnalífeyrir um kr. 10.11 á mánuði.

Það er ljóst, að nýju lög um almannatryggingar bæta lítt úr kjaraskerðingunni, sem dýrtíð síðustu ára hefur valdið. Þar þarf meira að koma til, og því er hér lagi til, að 40% hækkanin nái einnig til þeirra bótafjárhæða, sem nefnd lög ákveða.

Loks gera flutningsmenn þessa frv. það að tillögu sinni, að allar bótafjárhæðir

trygginganna verði frá 1. jan. n. k. verðtryggðar og miðað við vísitölu framfærslukostnaðar í október 1963.

Framkoma stjórnvalda í garð öryrkja, einstæðinga og gamalmenna, eins og hún hefur verið að undanfögnu, verður að teljast ósæmileg. Um versnandi lífskjör þeirra vegna vaxandi dýrtíðar er ekki skeytt langtímum saman, og þegar loks er brugðið við, er það gert með hangandi hendi og óblandinni tregðu.

Það er tími til kominn að breyta um í þessu efni, og eitt af því sjálfsagðasta nú er að hækka bæturnar til samræmis við verðlag og tryggja samtímis, að sú hækkun verði ekki þegar upp etin af dýrtíðarófreskjunni.